

**Nd.**

**185. Frumvarp**

til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

11. töluliður 1. gr. tollaga fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, orðist svo:  
Af sykri og sírópi 8 aur. af hverju kílógr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Greinargerð:**

Á síðastliðnu þingi flutti jeg frumvarp um afnám sykurtollsins. Frumvarpinu var vísað til fjárhagsnefndar, en nefndin kom aldrei með álit sitt.

Það mun nú öllum ljóst, hve þýðingarmikil þessi nauðsynjavara er, og hve einkar tilfinnanlegur skattur er nú á henni fyrir fátæka fjölskyldumenn. Hjer er farið fram á lækkun á sykurtollinum. Vonandi dylst engum, að öll sanngirni mælir með því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.